

Ársskýrsla Fagdeildar þvaghæra hjúkrunarfræðinga starfsárin 2019 og 2020.

Félagafjöldi: 52

Stjórn: Kristbjörg Jóhannsdóttir, formaður, Hulda Guðrún Valdimarsdóttir gjaldkeri, Kolbrún Eva Sigurðardóttir, ritari, Bryndís Ólafsdóttir, meðstjórnandi, Gerður Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Eyrún Harpa Hlynisdóttir, varamaður og Linda Naabye varamaður.

Stjórnarfundir: Nokkrir ásamt mörgun Facebook hraðfundum.

Fyrstu fundir voru notaðir til að skipuleggja aðalfund 2019. Sama stjórn var kosin.

Á aðalfund komu Rafn Hilmarsson þvaghæraaskurðlæknir og Hrafnhildur Baldursdóttir sem fræddu okkur um miðstöð fyrir karla með blóðruhálskrabbamein á göngudeild þvaghæra 11A.

Í lokin var svo Arna Steinsen markþjálfari með skemmtilegt erindi.

Í júní 2019 var haldin NUF ráðstefnan hér á landi í Hörpu. Skipuð var sérstök nefnd fyrir það sem í voru Kolbrún Eva, Gerður og Ragnheiður Jónsdóttir frá skurðstofu.

Þessi ráðstefna tókst mjög vel en hefði mátt vera betur sótt. Mikið af frábærum og faglegum erindum hjá hjúkrunarfræðingunum. Fagdeildin fær % hluta af innkomu af ráðstefnunni.

Við vorum byrjaðar að skipuleggja áframhaldandi fræðslu um þvagleka og nýja meðferð um haustið en því miður breyttist það.

Við skipulögðum einnig aðalfund í mars 2020 með áhugaveðri fræðslu um Karlaheilsu sem við þurftum því miður að fresta.

Aftur reyndum við í október að halda aðalfund sem þurfti einnig að fresta.

Árið 2019 var skemmtilegt, 100 ára afmæli félagsins og margt í boði.

Árið 2020 átti líka að vera skemmtilegt enda tileinkað hjúkrunarfræðingum hjá WHO, það varð ekki skemmtilegt en sýndi svo sannarlega hvað við hjúkrunarfræðingar getum og gerum fyrir skjólstæðinga okkar.

Formaður sótti fundi hjá félaginu, síðustu 2 á TEEMS.

Kristbjörg Jóhannsdóttir, formaður.